

Óveruleg breyting á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031

Íþróttasvæði Íþ-4 í stað leiksvæðis austan við Rif

Við gerð aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031 var gerð grein fyrir 10.7 ha leiksvæði sem ætlað var fyrir áframhaldandi iðkun mótkross aksturs austan Rifs. Komið er að endurnýjun starfsleyfis og hefur Heilbrigðiseftirlit Vesturlands bent á að ekki verði gefið út áframhaldandi starfsleyfi nema landnotkun verði breytt í íþróttasvæði. Það er í samræmi við lið greinar 6.2 í skipulagsreglugerð, en þar stendur:

j. Íþróttasvæði (Íþ)

"Svæði fyrir landfreka íþróttaaðstöðu aðra en þá sem bjónar tilteku hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfinga-svæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar."

Í svæðiskipulagi Snæfellsbæjar eru eftirfarandi markmið:

Markmið U7: Góð aðstaða sé til iðkunar marvíslegra íþróttar

Í almennum stefnu í gildandi aðalskipulagi Snæfellsbæjar leggja bæjaryfirvöld áherslu á að stuðla að íþróttáastundun í Snæfellsbæ. Þar er bent á að íþróttasvæði innan þéttbýliskjarna bjóði upp á tækifæri til iðkunar margvislegra íþróttagreina.

Stærð og lega svæðis verður óbreytt en bætt er við afmörkun fyrir bílastæði utan svæðis. Akstursbrautir hafa þegar verið lagðar og er svæðið sagt vera mjög gott í núverandi mynd. Notkun svæðis breytist ekki og ekki ert gert ráð fyrir neinum föstum mannvirkjumá svæðinu.

Í grein 3.2.2 í gildandi aðalskipulagi Snæfellsbæjar stendur eftirfarandi um íþróttasvæði á Hellissandi og í Rifi:

Íþróttasvæði er sunnan við byggð á Hellissandi. Einnig er gert ráð fyrir svæði fyrir sparkvelli og 18 holu golfvelli á svæðinu.

Íþ-1: Íþróttavöllur er sunnan bjóðvegar á Hellissandi. Völlurinn er í góðum tengslum við útvistarsvæði og stíga. Það veldur hættu að krakkar þurfa að fara yfir bjóðveginn til að komast á íþróttasvæðið og verði öryggismál leyst. Stærð svæðis 86.000 m² og þar er heimilt að reisa vallarhús og stækka áhorfendapalla.

Íþ-2: Austan við íþróttavöllinn er gert ráð fyrir golfvelli. Gerð var tillaga að deiliskipulagi af honum, en ekki var gengið frá gildistöku þess. Stærð svæðis er um 40 ha eða rúmir 400.000 m². Bæjaryfirvöld vilja halda opnum möguleika á uppbryggingu golfvallar og vallarhúsi. Austan við íþróttavöllinn er gert ráð fyrir æfingasvæði fyrir golfahugamenn.

Íþ-3: Nýtt svæði fyrir golfvöll sunnan Rifs. Þar verði 9 holu völlur á um 43 ha svæði. Austan við svæðið að sunnanverðu er gert ráð fyrir að hliða aðkomuvegi til að stuðla að verndun Lárusarrennu. Vallarhús og bílastæði verði suðaustan Lárusarrennu. Gengið verði frá deiliskipulagi áður en kemur að uppbryggingu golfskála eða annarra mannvirkja á svæðinu. Við allar framkvæmdir skal forðast að þrengja að flugvelli og ekki skal leggja brautir þannig að löng upphafshögg séu í átt að flugvellinum.

Með óverulegri breytingu bætist eftirfarandi texti við í greinargerð:

Íþ-4: Svæði fyrir mótkross er austan Rifs. Svæðið er 10.7 ha að stærð. Svæðið hefur verið notað fyrir akstursíþróttir árum saman og vilja bæjaryfirvöld styðja við áframhaldandi rekstur svæðisins með breytti landnotkun úr opnu svæði í íþróttasvæði.

Breyting á aðalskipulagsupprætti:

Óveruleg breyting tekur aðeins til austasta hluta á landnotkunarkorti fyrir Hellissand og Rif. Þar er landnotkun á opnu svæði breytt í íþróttasvæði fyrir akstursíþróttir, en stærð og lega verður óbreytt. Bætt er við svæðum fyrir bílastæði.

Umhverfismat áætlunar:

Gert er ráð fyrir að umhverfisáhrif verði hverfandi, því brautir hafa þegar verið byggðar upp og ekki er fyrirhugað að ráðast í uppbryggingu fastra mannvirkja. Áhrif eru staðbundin og afturkræf, því ef síðar verður þörf fyrir önnur not á svæðinu er auðvelt að afmá ummerki eftir aksturshóla með því að jafa landslag.

Minjavörður Vesturlands hefur metið svæðið og gerir ekki athugasemdir við breytta landnotkun.



Aðalskipulag Snæfellsbæjar 2015-2031 fyrir breytingu. Mkv. 1 : 10.000

LANDNOTKUN


- Afmörkin þéttbýlisupprættar
- Ibúðarbyggð
- Miðsvæði
- Verslun og þjónusta
- Samfélagssþjónusta
- Athafnasvæði
- Íönaðarsvæði
- Efnistöku- og efnisolusunarsvæði
- Fristundabýggð
- Afþreyningar og ferðamannasvæði
- Íþróttasvæði
- Kirkjugarðar
- Opin svæði
- Flugvellar
- Hafnir
- Landbúnaðarsvæði
- Skógræktar og landgræðslusvæði
- Öbyggð svæði
- Vötn, ár og sjör
- Stofnvegir
- Tengivegir
- Göngu- og útvistarleiðir
- Varnargarðar
- Frávelta
- Vaxtarmerk þéttbýlis

TIL UPPLÝSINGA

- Dreifilla 19 kv
- Stofnlagn vatns
- Símalína
- Flotbryggja
- Aðrir vegir
- Hús
- Minjaværnd, skráðar minjar
- Öryggissvæði flugvallar
- Friðlýstar minjar/bjóðagarðar

TAKMÖRKUN Á LANDI

- Minjaværnd, skráðar minjar
- Öryggissvæði flugvallar
- Friðlýstar minjar/bjóðagarðar



Aðalskipulag Snæfellsbæjar 2015-2031 eftir breytingu. Mkv. 1 : 10.000

----- Afmörkun svæðis sem breytist

Óveruleg breyting á aðalskipulagi Snæfellsbæjar sem auglýst var skv. 2, mgr. 36. gr. skipulagslagi nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 2 mars 2023

dagsetning

Aðalskipulagsbreyting pessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 09.05.2023

dagsetning

undirskrift

Óveruleg breyting á aðalskipulagi snæfellsbæjar 2015-2031
Hellissandur og Rif Íþróttasvæði Íþ-4 austan Rifs 1 : 10.000

Unnið fyrir Snæfellsbær

Hildigunnur Haraldsdóttir F.A.I. kt. 080654-4219, skipulagsfulltrúi Snæfellsbæjar

Dagsetning: 12.02.2023